

# Reglugerð um Verkefnasjóð ÍSÍ

## 1. Almenn

Forseti, varaforseti og gjaldkeri ÍSÍ fara með stjórn Verkefnasjóðs og gera tillögur um úthlutun til framkvæmdastjórnar, eftir umsóknum eða að eigin frumkvæði.

Umsóknir í Verkefnasjóð skulu berast ÍSÍ a.m.k. 2 vikum fyrir framkvæmdastjórnarfundi.

Umsóknum í Verkefnasjóð skal fylgja fjárhagsáætlun yfir það verkefni sem sótt er um styrk til, og eftir atvikum reikningar og áætlanir. Fundir stjórnar Verkefnassjóðs skulu haldnir eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

## 2. Sérverkefni

Átaksverkefni, sem lokið er á 4-6 mánuðum sem eru íþróttum almennt og íþróttahreyfingunni til framdráttar, eru styrkhæf.

## 3. Nýjungar í starfi

Ekki er styrkt eða lánað þó tekna séu upp nýjar íþróttagreinar en fræðslustarf og kynning á nýjum íþróttagreinum fellur undir starfsemi sjóðsins. Að öðru leyti fer um úthlutanir eftir mati stjórnar sjóðsins.

## 4. Afmörkun verkefna

Ekki er styrkt eða lánað til mannvirkjagerðar né áhaldakaupa.

Styrkhæf eru stór sameiginleg verkefni sem einn eða fleiri aðilar taka að sér í þágu hreyfingarinnar allrar eða á afmörkuðu svæði.

Að öðru leyti en hér kemur fram fer um úthlutanir eftir mati stjórnar sjóðsins.

## 5. Skýrslugerð og niðurfellingar

Þeir aðilar sem hljóta styrk úr sjóðnum skulu skila skýrslu til Verkefnassjóðs ÍSÍ eigi síðar en 1 mánuði eftir að verkefni hefur farið fram.

Hafi skýrsla ekki borist innan tilskilins tíma er sjóðsstjórn heimilt að fella styrkinn niður.

Ef greinagerð og fjárhaglegt uppgjör hefur ekki borist til ÍSÍ innan 12 mánaða frá því að styrkur var veittur, fellur styrkurinn niður.

**Samþykkt á framkvæmdastjórnarfundi 11.sept 2003**

**Breytingar samþykktar 27. maí 2014**

**Breytingar samþykktar á framkvæmdastjórnarfundi 1. febrúar 2018**